

**6. fundur Umhverfis- og byggingarnefnd haldinn Strandgötu 38,
miðvikudaginn 18. janúar 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), Jónas Snæbjörnsson (JS), Anna Kristín Gylfadóttir (AKG) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

Fundargerð ritaði: Sigurvin Hreiðarsson, Formaður

Dagskrá:

1. Viðhald og sláttur opinna svæða 2023 - 2301027

Á fundi sveitarstjórnar dags. 10.01.2023 var lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra dags. 10.01.2023 er varðar viðhald og slátt á opnum svæðum 2023.

Sveitarstjórn fól umhverfis- og byggingarnefnd að fara yfir forsendur í viðhaldi og slátti opinna svæða á árinu 2023 og skila tillögum fyrir 28. febrúar 2023.

Umhverfis- og byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að teikna upp svæðin sem skilgreind eru í útboðsgögnum og leggja fyrir á næsta fundi.

2. Gjaldskrá Úrvinnslusjóðs fyrir greiðslur til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar - 2301041

Lögð fram til kynningar gjaldskrá Úrvinnslusjóðs vegna sérstakrar söfnunar á umbúðum úr pappír, pappa, gleri, málmí og plasti.

Fyrirhugað er að halda kynningarfund um greiðslur til sveitarfélaga 24. janúar nk.

Lagt fram til kynningar.

3. Borgað þegar hent er, 2023 - 2301029

Lögð fram viljayfirlýsing frá HMS og Sanband íslenskra sveitarfélaga, Borgað þegar hent er innleiðing við heimili.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 10. janúar 2023 að taka þátt í innleiðingunni.

Lagt fram til kynningar.

4. Sorphirðudagatal 2023 - 2301008

Lagt fram til kynningar sorphirðudagatal fyrir árið 2023.

Lagt fram til kynningar.

6. Fundargerð vegna sorpsamnings verkfundir - 2207047

Lögð fram til kynningar 5. fundargerð um sorphirðu, dags, 08.12.2022

Lagt fram til kynningar.

6. fundur
26.01.2023

5. Samtaka um hringrásarhagkerfi - 2203237

Lögð fram greinargerð vegna svæðisáætlunar fyrir Vestfirði unnin af Stefáni Gíslasyni, Environnice, október 2022.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Jónas Snæbjörnsson (JS)

Anna Kristín Gylfadóttir (AKG)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)